

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað vegna málaflokks fatlaðs fólks

Dags: 16. febrúar 2023

Málsnúmer: 202201442/19.0

Sendandi: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Forsaga:

Þann 21. júní 2022 var niðurstaða úr ítarkönnun í málafllokki fatlaðs fólks lögð fyrir velferðarnefnd (fjölskyldunefnd) sem var gerð meðal fatlaðs fólks í sveitarfélaginu og foreldra fatlaðra barna. Bókaði nefndin þar að niðurstöður yrðu nýttar í áframhaldandi vinnu og rýni á sviðinu. Könnunin var framkvæmd í lok árs 2021 í kjölfar niðurstöðu þjónustukönnunar Gallup 2020. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu að viðhorf bæjarbúa gagnvart þjónustu sveitarfélagsins í málafllokki fatlaðs fólks var í fyrsta sinn komið undir landsmeðaltal. Niðurstöður úr könnun Gallup fyrir árin 2021 og 2022 sýna einnig að viðhorf gagnvart þjónustunni er áfram undir landsmeðaltali. Hér fyrir neðan er listað upp hvaða aðgerðir farið hefur verið í á velferðarsviði í kjölfar niðurstöðu ítarkönnunarinnar og hvaða aðgerðir nauðsynlegt þykir að ráðast í á næstunni.

Greinargerð:

Rauður þráður í gegnum ítarkönnunina er að bæta þurfi þjónustu við og utanumhald um fötluð börn í sveitarfélaginu. Nefndu foreldrar þar þörf fyrir tengiliði og málstjóra í félagsþjónustunni sem og í skólum bæjarins. Til að svara þessu ákalli var fjölgað um stöðu eins ráðgjafa fyrir börn á velferðarsviði frá og með upphafi þessa árs. Þar kom til starfa þroskaþjálfari með mikla reynslu af vinnu með fötluð börn og börn með sérþarfarir sem nýtist vel inn í ráðgjöf og utanumhald til barna og foreldra þeirra. Sú staða ráðgjafa er enn fremur til að gegna hlutverki málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Farsældarhringurinn er kominn af stað í Mosfellsbæ sem snýr beint að samþættingu þjónustu fyrir börn sem þurfa meira utanumhald vegna sérþarfa og er samvinnuverkefni milli velferðarsviðs og fræðslu- og frístundasviðs og byggir á fyrrnefndum farsældarlögum. Vinna við undirbúning Hringins hófst á árinu 2020 en á síðasta ári var ráðinn inn verkefnastjóri til að fylgja innleiðingu hans eftir. Fyrstu einstaklingsmálin eru nú farin af stað í Hringnum en gera verður ráð fyrir að innleiðing hans taki einhvern tíma.

Í könnuninni benda svarendur á að fjölga þurfi NPA samningum, búsetuúrræðum og húsnæði fyrir fatlað fólk. Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir einum nýjum NPA samningi til viðbótar við þá samninga sem nú eru í gildi auk þess sem beingreiðslusamningum var fjölgað. Vonir standa til að úthlutun lóðar og þar með bygging búsetukjarna Þroskahjálpar fari af stað á þessu ári þar sem fimm einstaklingar munu fá úthlutaðri búsetu. Í húsnæðisáætlun Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir að annar nýr kjarni muni rísa á árinu 2026 og því mikilvægt að fylgja þeirri áætlun þétt eftir en ekki er búið að úthluta lóð vegna hans. Áætlanir Mosfellsbæjar um uppbyggingu á félagslegu húsnæði hafa hingað til snúið að fjölgun um tvær íbúðir á ári. Til þess að svara ákalli um fjölgun félagslegs húsnæðis fyrir fatlað fólk, eins og fram kom í könnuninni, þyrfti mögulega að endurskoða núverandi húsnæðisáætlun, sem samþykkt var á síðasta kjörtímabili og gera ráð fyrir að sveitarfélagið fjölgi umfram áætlaðar tvær íbúðir. Sveitarfélagið hefur ekki sett sér uppbyggingaráætlun um húsnæði í málafllokki fatlaðs fólks en fyrstu drög að slíkri uppbyggingaráætlun hefur þegar verið rædd óformlega í velferðarnefnd. Gert er ráð fyrir

að farið verði í vinnu við að klára uppbyggingaráætlunina á vormánuðum sem gefur þá gleggri mynd yfir hvenær þurfi að byggja ný búsetuúrræði í sveitarfélaginu.

Fleira er hægt að gera í málum fatlaðra barna og má þar nefna opnun á skammtímadvöl, sem er ein af aðgerðum í stefnu Mosfellsbæjar í málefnum fatlaðs fólks, finna varanlega lausn á húsnæði Úlfsins frístundaklúbbs og huga að opnun á félagsmiðstöð fyrir fötluð börn og ungmenni. Með öllum þessum aðgerðum er hægt að horfa til þess að Mosfellsbær verði aftur í fararbroddi í málaflokki fatlaðs fólks.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir*

Fylgiskjöl:

1. Niðurstaða ítarkönnunar í málaflokki fatlaðs fólks.
2. Samantekt vegna ítarkönnunar.
3. Spurningalisti.